

Nr. 330

## REGLUR

19. júní 1989

um króm í semen  
ti.

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um framleiðslu, innflutning og notkun á sementi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.gr.

*Skilgreiningar.*

Með sementi er átt við portlandssement, hraðsement, blöndusement og hvers konar innflutt sement og óhördnuð sementsbundin efni.

3.gr.

*Almenn ákvæði.*

Sá sem framleiðir eða flytur inn sement skal sjá um að við afhendingu og notkun þess sé innihaldið af vatnsleysanlegu sexgiltu krómi eins lítið og kostur er.

Magn vatnsleysanlegs sexgiltis króms skal við afhendingu og notkun ekki fara yfir 2 mg/kg þurrt sement.

4.gr.

*Merkingar.*

Sekkjað sement skal við afhendingu vera merkt með upplýsingum um pökkunardag og hversu langan tíma sexgilt króm er innan fyrrgreindra marka. Einnig skal þar koma fram að eftir þann tíma aukist hættan á krómofnæmi við notkun sementsins.

5.gr.

*Undanþágur.*

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 3.gr. ef sérstakar ástæður eru með því.

6.gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 2.  
mgr. 51. gr. laga nr 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1989.

F. h. r.  
Berglind Ásgeirs dóttir.